



REGLUR UM STOÐÞJÓNUSTU

1. Kafli

Almenn atriði

1. gr. Tegund þjónustu

Reglur þessar taka til stoðþjónustu:

Stoðþjónusta er skilgreind í 8. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Fötluðu fólki skal standa til boða stoðþjónusta sem er nauðsynleg þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar þannig að það standi til jafns við aðra og komið verði í veg fyrir félagslega einangrun þess. Stoðþjónustu þessa skal veita í hverju sveitarfélagi með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað.

2. Kafli

Markmið, skilgreining og skipulag


2. gr. Markmið stoðþjónustu.

Markmið stoðþjónustu er að mæta:

1. Þörfum fatlaðra einstaklinga fyrir þjónustu sem felst í því að treysta möguleika þeirra til sjálfstæðs heimilshalds og samfélagslegrar þátttöku.
2. Þörfum fatlaðra einstaklinga til hæfingar, endurhæfingar, menntunar og atvinnu, m.a. á grundvelli viðeigandi aðlögunar, svo að þeir geti séð sér farborða og tekið virkan þátt í samfélaginu til jafns við aðra.
3. Þörfum fatlaðra einstaklinga fyrir sérhæfða ráðgjöf, félagslegan stuðning og félagslegt samneyti, þ.m.t. ástundun tómsunda og menningarlífs.
4. Þörfum fatlaðra barna fyrir umönnun og þjálfun ásamt nauðsynlegri þjónustu við fjölskyldur þeirra svo að þær geti búið börnunum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði.
5. Þörfum fatlaðra foreldra vegna umönnunar og uppeldis barna sinna.

3. gr. Skilgreining á stoðþjónustu

Stoðþjónusta er margþáttað aðstoð við athafnir daglegs lífs, sem byggist m.a. á einstaklingsbundnum þörfum fólks með hliðsjón af óskum þess.



4. gr. Réttur til þjónustu

Þeir einstaklingar sem eiga rétt á stoðþjónustu eru þeir sem:

- a. Eru með SIS mat eða greiningar sem gefa til kynna þjónustupörf.
- b. Eru með lögheimili á viðkomandi félagþjónustusvæði.
- c. Búa á eigin heimili, án þess að veitt sé sólarhringsþjónusta.
- d. Hafa fullnýtt grunnþjónustu sveitarfélaganna sbr. 26. og 27. gr. laga nr. 40/1991 um félagþjónustu sveitarfélaga samtals (15 tíma á viku).

5. gr. Ferli umsókna

Starfsmenn félagsþjónustu sveitarfélaga veita ráðgjöf til einstaklinga vegna umsóknar um stoðþjónustu.

Samþykkt um þjónustu skal endurskoða reglulega hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna.

Stoðþjónusta er tímabundin, tímalengd er háð mati hverju sinni. Gerður er skriflegur samningur um þjónustuna.

7 gr.

Þjónustusvæði greiða laun starfsmanna samkvæmt kjarasamningum. Starfsmönnum er óheimilt að taka við gjöfum eða greiðslum frá þeim er njóta þjónustu eða forráðamönnum þeirra.

Notandi greiðir sjálfur útlagðan kostnað sinn og starfsmanna sem og akstur nema um annað sé samið.

6. gr. Málskot

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum getur hann skotið ákvörðun félagsþjónustusvæðisins til umfjöllunar hjá Úrskurðarnefnd velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst ákvörðunin.



Byggðasamlag
Vestfjarða
um málefni fatlaðs fólks

Dagsetning og staður

Jón Páll Hreinsson formaður

Þorgeir Pálsson

Jóhanna Ösp Einarsdóttir

Birgir Gunnarsson

Ólafur Þór Ólafsson



Byggðasamlag
Vestfjarða
um málefni fatlaðs fólks